

Kæra Borgarstjórn,

Ungmennaráð miðborgar, vesturbæjar og hlíða gerir athugasemd við ákvörðun borgarstjórnar að fella tillögu sem byggir á því að standa við einróma samþykkt sína frá 2. apríl 2019 að styrkja og styðja við þau íþróttafélög í Reykjavík sem komu á fót rafíþróttadeildum. Að okkar mati hafið þið ekki staðið við orð ykkar um að styðja við uppbyggingu á rafíþróttastarfi í Reykjavík og þykir okkur það svekkjandi.

Okkur í Ungmennaráðinu finnst mikilvægt að rafíþróttir séu framar í forgangs röðun hjá borginni vegna þess að ungmenni sem sækja í rafíþróttir geta þar stundað sitt áhugamál í góðu og faglegu umhverfi undir stjórn þjálfara þar sem þau geta kynnst fólki með sömu áhugamál, átt góð samskipti og verið hluti af uppbyggjandi hópi. Að taka þátt í skipulögðu íþrótt/hópastarfi í æsku getur haft jákvæð áhrif á félagsfærni ungs fólks þegar það fullorðnast.

Við veltum því fyrir okkur hvers vegna þessi ákvörðun var tekin og hvetjum ykkur til að endurskoða hana. Við erum viss um að það myndi gera fleirum en þið haldið gott að styðja við þetta frábæra starf sem er í uppbyggingu.

Kær kveðja,

Meðlimir ungmennaráðs miðborgar, vesturbæjar og hlíða,

Áslaug Edda Kristjánsdóttir  
Brynjar Bragi Einarsson  
Elísabet Lára Gunnarsdóttir  
Embla Tjörvadóttir  
Hildur Flóvenz  
Hrafnhildur Kjartansdóttir Hördal  
Jökull Jónsson